
2018




Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA – 5. janúar 2018

@atvinnulifid
@atvinnulifid

SA







| | |
|---|---|
| **1** | **1918-2018: Íslenskar hagtölur í 100 ár** |
| 2 | Árið sem leið í línum og stöplum |
| 3 | Áherslur Samtaka atvinnulífsins árið 2017 |
| 4 | Helstu áskoranir á árinu 2018 |

# 1918 til 2018. Íslendingar hafa farið úr því að vera ríflega 91 þúsund í 340 þúsund.

**Mannfjöldi á Íslandi**
Fjöldi




Mannfjöldi hefur




næstum fjórfaldast á 100 árum

Heimild: Hagstofa Íslands

# 1918 til 2018. Ungbarnadauði er nánast úr sögunni á 100 árum.

**Ungbarnadauði**
Fjöldi lifandi fæddra barna sem deyja innan við ársgömul – á 1.000 íbúa




Ungbarnadauði er nánast



-98%

úr sögunni á 100 árum

Heimild: Hagstofa Íslands

# 1918 til 2018. Lífslíkur karla og kvenna hafa aukist verulega.

Lífslíkur
hafa

**+28**

aukist um 28 ár
hjá körlum á
100 árum

**Lífslíkur við fæðingu**
Líkur á lífsaldri karla og kvenna við fæðingu




Lífslíkur
hafa

**+26**

aukist um 26 ár
hjá konum á
100 árum

Heimild: Hagstofa Íslands

# 1918 til 2018. Atvinnuþátttaka kvenna hefur tvöfaldast á síðustu 100 árum. Atvinnuþátttaka karla hefur dregist lítillega saman.

**Atvinnuþátttaka Íslendinga**
Hlutfall mannfjölda 15 ára og eldri

Atvinnuþátttaka karla hefur

-8%

Dregist saman um 8% á 100 árum




Atvinnuþátttaka kvenna hefur

+100%

tvöfaldast á 100 árum

Heimild: Hagstofa Íslands

# 1918 til 2018. Grundvallarbreytingar á atvinnuháttum á 100 árum.




Heimild: Hagstofa Íslands

# 1918 til 2018. Lífskjör Íslendinga hafa batnað átjánfalt á síðustu 100 árum.

**Verg landsframleiðsla á mann**
Vísitala (1945 = 100)




Verg landsframleiðsla á mann hefur

**X18**

átjánfaldast á síðustu 100 árum

Heimild: Hagstofa Íslands

SA

# 1918 til 2018. Kaupmáttur lægstu launa hefur meira en áttfaldast á síðustu 100 árum.

**Kaupmáttur lágmarkstaxta**
Vísitala (Júlí 1914 = 100)




Kaupmáttur lágmarkstaxta hefur



x8,3

meira en áttfaldast á síðustu 100 árum

Heimild: Hagstofa Íslands

1. Á Íslandi eru að meðaltali greidd **næst hæstu heildarlaun í heimi** á eftir Sviss. Laun eru hærri á Íslandi en í Lúxemborg, Danmörku og Noregi.

2. Lágmarkslaun á Íslandi eru **meðal þeirra hæstu í heimi**

3. Dagvinnutími á ári á Íslandi er **hvergi styttri í Evrópu** að Frakklandi undanskildu.

4. Og tekjujöfnuður er **hvergi meiri**.




1 1918-2018: Íslenskar hagtölur í 100 ár

**2 Árið sem leið í línum og stöplum**

3 Áherslur Samtaka atvinnulífsins árið 2017

4 Helstu áskoranir á árinu 2018

# 1 Í upphafi árs. Loksins kom að haftalosunin og í kjölfarið hækkaði lánshæfismat ríkissjóðs.

- Fjármagnshöft afnumin (14. mars 2017).
- Standard & Poor's hækkar lánshæfi íslenska ríkisins (17.mars 2017).
- Moody's og Fitch telja afnám fjármagnshafta muni hafa jákvæð áhrif á lánshæfi ríkisissjóðs. Batnandi horfur (17.mars 2017).
- Fitch hækkar lánshæfi ríkissjóðs (7.júlí 2017).
- Haftalosunin fékk jákvæða umfjöllun í bæði innlendum og erlendum fjölmiðlum.





Viðskipti | mbl | 1.4.2016 | 10:57
Telja krónuna styrkjast eftir haftalosun

Jákvætt og tímabært skref til losunar fjármagnshafta

Iceland to lift capital controls to help boost economy

Reykjavik to relax restrictions introduced after ba... country continues to rebuild financial system an...

Ísland opnast eftir átta ár í höftum

Viðskipti | mbl | 14.3.2017 | 12:52 | Uppfært 15.3.2017 5:29
Græn Kauphöll eftir haftalosun

Iceland's booming tourism sector provides the perfect platform for international investors

Iceland's economic turnaround since the 2008 financial crisis is nothing short of ... With capital controls now being chipped away, this island nation ... ray of investment opportunities

The end of a saga
Iceland lifts capital controls
*At last, the country marks a symbolic recovery from its financial meltdown*

## 2 Eftir mikinn vöxt hagkerfisins síðustu ára er byrjað að hægja á vextinum. Spár gera þó ráð fyrir 3-4% hagvexti á þessu ári. Engin samdráttarspá hefur enn litið dagsins ljós.

**Hagvöxtur (árleg breyting)**
%, landsframleiðsla á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands

SA

## 3 Núverandi hagvaxtarskeið er eitt það lengsta í sögunni. Gangi spár greiningaraðila eftir verður núverandi hagvaxtarskeið að minnsta kosti 12 ár.

**Þrjú síðustu hagvaxtarskeið á Íslandi[1]**
Vísitala landsframleiðslu frá upphafisári




[1]Miðað við að árlegur hagvöxtur sé > 1%
Heimild: Hagstofa Íslands

# 4 Verðbólga. Á sama tíma hefur verðbólga haldist sögulega lág. Sætir tíðindum að verðbólga á Íslandi er nú lægri en að meðaltali í öðrum ríkjum OECD.

**Verðbólga á Íslandi og að meðaltali innan ríkja OECD**
%, 12 mánaða breyting







Heimild: Hagstofa Íslands, Macrobond

SA

# 5 Vextir Seðlabanka Íslands hafa lækkað en eru enn mjög háir miðað við viðskiptalöndin.

## Erfitt er að sjá hvað réttlætir svo mikinn raunvaxtamun við útlönd.

**Þróun raunstýrivaxta á Íslandi 2011-2017**

%




**Raunstýrivextir á Íslandi og hjá helstu viðskiptalöndum Íslands**

Nóvember 2017




Heimild: Hagstofa Íslands, Macrobond

SA

# 6 Breytt landslag: Síðasta uppsveifla var drifin áfram af aukinni skuldsetningu og viðvarandi viðskiptahalla. Í núverandi uppsveiflu hafa erlendar skuldir verið greiddar niður.

**Hrein erlend staða Íslands**
Hlutfall af VLF




**Viðskiptajöfnuður Íslands**
Hlutfall af VLF




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

# 7 Launahækkanir verða á ný viðskila við framleiðniaukningu. Til langs tíma getur kaupmáttur launa ekki hækkað umfram undirliggjandi verðmætasköpun – það er kjarni máls.

**Raunlaun og framleiðni**
Vísitala = 100 árið 1992




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Seðlabanki Íslands

SA

# 8 Íslendingar hafa haldið kaupmáttaraukningu síðustu kjarasamninga og gott betur. Laun Íslendinga á föstu verðlagi eru orðin hærri en þau voru árið 2007.

**Kaupmáttarþróun Íslendinga frá 1991**
- vísitala, 1991 = 100, nafnlaun mínus verðbólga




*Áætlun fyrir árið 2017
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs

SA

# 9 Skattar voru lækkaðir og einfaldaðir á árinu 2017. Fyrsta verk núverandi ríkisstjórnar var hins vegar að hækka skatta árið 2018. Það bætist við eina mestu skattheimtu innan OECD.

**Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2016, sem hlutfall af VLF**
Leiðrétt fyrir greiðslum almannatrygginga[1]




**2017**

- Milliþrep tekjuskatts fellt niður
- Lægsta þrep tekjuskatts lækkað
- Tryggingagjald lækkað, júlí 2016

**2018**

- Fjármagnstekjuskattur hækkar
- Kolefnisgjald hækkar
- Tryggingagjald óbreytt

* Í Danmörku fer greiðsla almannatrygginga beint í gegnum skattkerfið og henni er því sleppt í þessum samanburði þar sem það er ekki samanburðarhæft.
* Nýjustu gögn fyrir Ástralíu eru frá 2015.
Heimild: OECD.

SA

# 10 Íslendingum fjölgar mjög ört. Mannfjöldi á Íslandi jókst um 10 þúsund á liðnu ári. Erlendir aðilar eiga stóran þátt í þeirri fjölgun.

**Mannfjöldaþróun á Íslandi**
- árið 2017




Heimild: Hagstofa Íslands

1 1918-2018: Íslenskar hagtölur í 100 ár

2 Árið sem leið í línum og stöplum

**3 Áherslur Samtaka atvinnulífsins árið 2017**

4 Helstu áskoranir á árinu 2018


SA

# Áherslur í upphafi árs 2017. Staða mála í upphafi árs 2018

**Staða mála í upphafi árs 2018:**



## **Máltækni:** Ein af nýjum stoðum framleiðniaukningar til framtíðar

- Samtök atvinnulífsins lögðu áherslu á mikilvægi þess að grípa til aðgerða hið fyrsta til að tryggja að íslenskan yrði fullgild í stafrænum heimi.
- Á árinu 2017 var máltækniáætlun kynnt fyrir árið 2018-2022.
- Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir 450 m.kr. framlagi til máltækniverkefnis.
- Það er fagnaðarefni að markviss uppbygging er hafin á þessu sviði.



## **Vinnumarkaðurinn:** Tækifæri til að festa í sessi ný og breytt vinnubrögð

- Samtök atvinnulífsins ítrekuðu mikilvægi þess að hér komist á fót nýtt vinnumarkaðsslíkan sem leiði til sjálfbærrar launaþróunar til frambúðar öllum landsmönnum til hagsbóta.
- Á árinu 2018 eru kjarasamningar lausir á opinbera og almenna vinnumarkaði. Á það mun reyna á hvort til takist að innleiða nýja hugsun við kjarasamningsgerð.

?



## **Opinber fjármál:** Lítið aðhald á toppi hagsveiflunnar

- Alþingi á hrós skilið fyrir ný lög um opinber fjármál. Í þeim felst viðleitni til þess að koma böndum á opinberan rekstur.
- Fjárlagafrumvarp 2018 ber þess hins vegar merki að hin nýju lög og fjármála-reglurnar sem þeim fylgja séu ekki nægjanlega afgerandi. Þrátt fyrir tilkomu þeirra hefur hvorki tekist að stöðva umframkeyrslu né að tryggja aðhald á þenslutímum.



## **Peningastefna í höftum:** Útflæðishöftin afnumin en innflæðishöftin standa óhreyfð

- Fyrir ári síðan lögðu Samtök atvinnulífsins til að fjármagnshöft yrðu losuð að fullu enda allar aðstæður til þess.
- Stór og mikilvæg skref voru stigin síðar um vorið þegar útflæðishöftin voru afnumin en eftir stóðu hins vegar innflæðishöftin.

SA

# Samtök atvinnulífsins sátu ekki auðum höndum á liðnu ári






1 1918-2018: Íslenskar hagtölur í 100 ár

2 Árið sem leið í línum og stöplum

3 Áherslur Samtaka atvinnulífsins árið 2017

**4 Helstu áskoranir á árinu 2018**

SA

# Segin saga. Íslenskar framúrkeyrslur eru iðulega leiðréttar með gengisfalli

**Breytingar á gengi ISK gagnvart USD**
%, breyting á ársmeðaltölum




Heimildir: Útreikningar efnahagssviðs, Seðlabanki Íslands

SA

# Áskoranir framundan á vinnumarkaði. Val á milli tveggja leiða.

## Sama stefna: Launahækkanir umfram svigrúm

Launastefna:

- Hækkanir langt umfram nágrannalönd

Hver gefur merkið?

- Hið opinbera

Þróun kjaraviðræðna

- Áframhaldandi togstreita milli opinbera og almenna geirans. Höfrungahlaup heldur áfram þar sem launþegahópar knýja á um leiðréttingar fyrir sinn hóp á víxl.

Hvers má vænta?

- Aukin verðbólga
- Hærri vextir
- Versnandi samkeppnisstaða
- Lægra gengi íslensku krónunar

?

## Norræna leiðin: Launahækkanir í samræmi við framleiðslugetu

Launastefna:

- Hækkanir í samræmi við framleiðslugetu

Hver gefur merkið?

- Útflutningsgreinar

Þróun kjaraviðræðna

- Merki útflutningsgreina verður viðmið fyrir aðrar stéttir og skapar þannig ramma fyrir kjaraviðræður og mögulegar launahækkanir

Hvers má vænta?

- Aukinn verðstöðugleiki
- Svigrúm til vaxtalækkana
- Aukin samkeppnishæfni þjóðarbúsins
- Stöðugt gengi íslensku krónunnar

SA

**Mikið umrót hefur einkennt stjórnmál síðustu ár.** Á sama tíma hefur hér ríkt efnahagslegur stöðugleiki. Það er vonandi að stöðugleiki ríki á báðum vígstöðum á komandi ári.

### Efnahagslegur stöðugleiki

- Hagvöxtur 2016 sá mesti í áratug
- Fitch hækkar langtímalánshæfiseinkunn ríkissjóðs í „A-“ – horfur sagðar jákvæðar
- Íslendingar sjaldan verið bjartsýnni
- Lengsta hagvaxtarskeið frá stofnun lýðveldisins
- Einsdæmi í hagsögu Íslands framundan?
- Áfram lág verðbólga þrátt fyrir kröftugan hagvöxt



### Pólitískur stöðugleiki

- ALÞINGISKOSNINGAR 2016
- Ríkisstjórnin fallin: Björt framtíð slítur stjórnarsamstarfi
- ALÞINGISKOSNINGAR 2017
- Pólitískur óstöðugleiki haft slæm áhrif
- Meira en 60 milljarðar þurrkast úr Kauphöll
- Óvissa gæti bitnað á erlendri fjárfestingu
- Pólitísk óvissa veldur hræðslu á mörkuðum

SA

# Uppsveifla í jafnvægi. Til að varðveita núverandi stöðu þá þurfa útflutningstekjur að aukast með stækkandi hagkerfi. Hagvöxtur drifin áfram af útflutningsgreinum tryggir jafnvægi.

**Vöxtur útflutningstekna ef viðhalda á 3% hagvexti til ársins 2036**
Milljarðar íslenskra króna (á verðlagi ársins 2016)




Ef viðhalda á 3% hagvexti á næstu 20 árum án þess að auka skuldsetningu þá þarf að tvöfalda útflutning á tímabilinu.

***Útflutningur þarf því að vaxa um 1.000 milljarða króna.***

**Nýr útflutningur**
- Spurningin er hins vegar hvernig hægt sé að tryggja þennan vöxt útflutningsverðmæta og hvaðan hann eigi að koma?

**Alþjóðageirinn**
- Hefur verið lítill vöxtur. Talsverð tækifæri til að auka útflutning.

**Ferðaþjónusta**
- Takmarkaðar náttúruauðlindi setja vexti greinarinnar skorður.
- Tækifæri til að auka verðmætasköpun greinarinnar.

**Ál og sílikon**
- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður.

**Sjávarafurðir**
- Takmarkaðar náttúruauðlindir setja vexti greinarinnar skorður. Áfram tækifæri til aukinnar framleiðni.

Heimildir: Samráðsvettvangur um aukna hagsæld, útreikningar efnahagssviðs

SA

## Tryggja samkeppnishæfni þjóðarbúsins. Raungengi hefur hækkað verulega frá 2014 og er orðið álíka hátt og árið 2007. Það liggur í augum uppi að sama leið verður ekki farin aftur.

**Raungengi á mælikvarða launa**
- vísitala, 2005 = 100




Heimildir: Seðlabanki Íslands, útreikningar efnahagssviðs

## Tryggja þarf aðhald á uppgangstímum. Allt stefnir í að ríkisútgjöld munu ná nýjum hæðum á þessu ári. Koma þarf böndum á ósjálfbæran útgjaldavöxt ríkisins.

**Frumútgjöld ríkissjóðs á mann, leiðrétt fyrir óreglulegum liðum[1]**
Milljónir króna á verðlagi 2017




Heimildir: Hagstofa Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið.
[1] Teknir eru út útgjaldaliðir sem fjárveitingarvaldið hefur litla stjórn á, á hverjum tíma, s.s. áfallnar ríkisábyrgðir, tapaðar kröfur, atvinnuleysisgreiðslur, afskriftir skattkrafna
[2] Annar grunnur frá árinu 2016

**Tryggja þarf nægt framboð til að mæta eftirspurn á húsnæðismarkaði.** Ef fram fer sem horfir þá mun framboð aukast en ekki strax og ekki nógu mikið til að mæta væntri íbúðaþörf.







Heimildir: sjá greiningu efnahagssviðs; Lítið framboð hækkar verð (13.desember 2017)

## Átak til að virkja einstaklinga inn á vinnumarkaðinn á nýjan leik. Þó nýgengi öroku hafi minnkað milli ára þá hefur aldrei jafn hátt hlutfall Íslendinga fengið úrskurðað 75% örorkumat.

**Nýgengi 75% örorkumats**
Fjöldi örorkulífeyrisþega




**Fjöldi örorkulífeyrisþega**
Hlutfall af mannfjölda 16-66 ára




Heimild: Tryggingastofnun

SA

# Ábyrgur tónn í komandi sveitastjórnarkosningum. Þrátt fyrir að hagur sveitarfélaga hafi vænkast á undanförnum árum þá er hann í engu samræmi við uppganginn í efnahagslífinu.

**Skuldir sveitarfélaga á hvern íbúa**
Fast verðlag ársins 2016 (milljónir)




**Skuldir á hvern íbúa5 stærstu sveitarfélaganna**
Fast verðlag ársins 2016 (milljónir)




Heimild: Samband sveitarfélaga

SA

# Stöndum saman gegn einelti áreitni og ofbeldi. Sáttmáli fyrir fyrirtækin í landinu.




## Hvers vegna birtum við þennan sáttmála í dag?

- Vegna þess að það er frumskylda atvinnurekenda að tryggja starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Vandamál sem var flestum hulið er nú komið fram í dagsljósið og það er mikilvægt að fyrirtæki, stjórnendur og starfsmenn þeirra bregðist við.

- Sáttmálinn er okkar framlag, hvatning til stjórnenda og starfsmanna, um að taka þessi mál föstum tökum.

- Með því að gera með sér sáttmála um að einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustöðum verði ekki liðið og að málefni að málefni þolenda verði í forgangi þegar brot koma upp stuðla starfsmenn og stjórnendur að heilbrigðri vinnustaðamenningu.

- Á vef SA geta er hægt að nálgast fræðsluefni og dæmi um stefnumörkun og viðbragðsáætlun sem fyrirtæki geta gert.

SA

# Stöndum saman gegn einelti áreitni og ofbeldi. Sáttmáli fyrir fyrirtækin í landinu.




## Lögbundin skylda

- Fyrirtækjum ber að gera áhættumat til að greina þá áhættu sem getur verið fyrir hendi.
- Í matinu skal koma fram til hvaða aðgerða fyrirtækið hyggst grípa til komi fram kvörtun, ábending eða rökstuddur grunur um brot.

## Sameiginleg ábyrgð allra

- Ef gildi sáttmálans eru jafnframt samtvinnuð daglegum rekstri fyrirtækja má minnka hættu á að einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustöðum eigi sér stað.

SA



# Flugeldavísitalan: Vaxandi hagkerfi, vaxandi sprengigleði... þó heldur minna sprengt þetta árið.

**Innfluttir flugeldar og hagvöxtur**
Kíló af innfluttum flugeldum og hagvöxtur (%)




Heimildir: Ríkislögreglustjóri, Hagstofa Íslands

SA


2018